



Nefndasvið Alþingis  
b.t. Ágústs Geirs Ágústssonar nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK


Alþingi  
Erindi nr. P 127/800  
komudagur 20.2.2002

Reykjavík 18. febrúar 2002  
SG/gh

### Umsögn um tillögu til þingsályktunar átraskanir

Með þingsályktunartillögu um þverfaglega þjónustu til handa sjúklingum með átraskanir er hreyft þörfu máli. Eins og fram kemur í greinargerð er atferlisvandamál þetta vaxandi á Vesturlöndum, dánartíðni er há og batahorfur oft erfiðar. Í flestum löndum í kringum okkur hefur verið reynt að bregðast við þessu með þverfaglegri nálgun, ofast nær á göngudeildum, annað hvort tengdar háskólasjúkrahúsum eða heilsugæslu. Þó algengi sjúkdómsins hér á landi sé ekki fyllilega þekkt má gera ráð fyrir því að það sé hliðstætt og á öðrum Vesturlöndum þannig að um 40-80 unglingar og ungt fólk í hverjum fæðingarargangi geti verið með vandamálið. Því er eindregið lagt til að þingsályktunartillaga þessi nái fram að ganga.

Með kveðju,

f.h.   
Sigurður Guðmundsson  
landlæknir